


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 3	BÓKF2FV05	
	Námsáætlun vorönn 2016	

Kennari	Leifur Brynjólfsson	LEB	
----------------	---------------------	------------	--

Áfangalýsing: Farið er yfir bókun á helstu reikningum fyrirtækja t.d. notkun fyrningareikninga við afskriftir eigna, bókun verðbréfa, hlutabréfa, skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga og notkun affallareiknings. Fjallað er um helstu atriði launabókhalds. Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning; tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, kostnað og fyrirkomulag við geymslu á vörum í tollvörugeymslu. Uppgjörsfærslum er haldið áfram, bæði í gegnum aðalbók og reikningsjöfnuð. Farið er yfir bókanir í sambandi við stofnun og slit fyrirtækja, breytingar á réttarformi, samruna og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemanda og góðan frágang. Nemandinn fær frekari æfingu í notkun töflureiknis við færslu bókhaldsins.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- færslum varðandi innflutning á vörum
- helstu innflutningsskjölum
- tollafgreiðslu og greiðslu virðisaukaskatts í tolli
- gengisbreytingum og kostnaði
- fyrirkomulagi við geymslu á vörum í tollvörugeymslu
- fyrningum
- launabókhaldi þ.m.t. staðgreiðslu skatta, framlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi
- verðbótum, vöxtum og afborgunum af verðtryggðum skuldabréfum, arðgreiðslum o.fl.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna og bóka verðbætur, vexti og afborganir af verðtryggðum skuldabréfum
- bóka færslur sem tengdar eru hlutabréfaeign s.s. arð, gengisbreytingar, jöfnunarhlutabréf o.s.frv.
- reikna út og gera upp virðisaukaskatt
- færa launabókhald og standa skil á staðgreiðslu skatta, framlagi í lífeyrissjóð og tryggingagjaldi
- færa færslur sem varða stofnun og slit fyrirtækja
- bóka færslur sem varða breytingar á réttarformi fyrirtækja, samruna og fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra
- nota töflureikni við útreikninga og færslu bókhalds

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	BÓKF2FV05 Námsáætlun vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3		


Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- færa bókhald fyrir lítið fyrirtæki
- nýta sér upplýsingar um verðbætur, gengi, staðgreiðslu og skyld hugtök

Námsgögn: Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson (Útg. 2009 eða nýrri).

Áætlun um yfirferð:

Vika		Verkefni
1	Námsáætlun. Kynning á áfanganum. Hvað er bókhald? Tilgangurinn, bókhaldsbækur, reikningar, uppgjör, hagnaður og tap. Dagbók, nýtt form.	Verkefni 22
2	Reikningsjöfnuður, millifærslur. Dagbók.	Verkefni 23 og 24
3	Tapaðar kröfur.	Verkefni 25 Tímapróf 1
4 - 5	Að selja vinnu.	Verkefni 26, 27, 28 og 29
6	Fasteignareikningur – bifreiðareikningur. Fastafjármunir – veltufjármunir. Veðskuldir, að kaupa eign með áhvilandi skuldum.	Verkefni 30 og 31
7	Gjöld vegna fasteignar og gjöld vegna bifreiða. Leigutekjur. Viðskipti við útlönd, tollur og vsk. í tolli.	Verkefni 32 og 33,
8	Gengismunur. Erlendar eignir og skuldir við reikningslokun.	Verkefni 34 Tímapróf 2
9	Fyrirfram innheimtar og óinnheimtar tekjur við reikningslokun.	Verkefni 35
10	Launabókhald, launatengd gjöld.	Verkefni 36
11	Verkefnavinna þar sem reynir á öll þau atriði sem nemendur hafa lært um.	Verkefni 37 Tímapróf 3
12	Páskafrí.	
13	Verkefnavinna.	Verkefni 38 og 39
14	Verkefnavinna.	Verkefni 40 og 41

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Síða 3 af 3		
BÓKF2FV05		
Námsáætlun vorönn 2016		

15	Verkefnavinna og próf.	Verkefni 42 Tímapróf 4
16	Verkefnavinna.	Verkefni 43
17	Verkefnavinna.	44 og 45
18	Upprifjun.	46

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Lokapróf	Dagbók (50%), reikningsjöfnuður (50%) Á lokaprófi þarf nemandi að ná að minnsta kosti einkunninni 4 til þess að vetrareiknunn gildi.	60%
Tímapróf	Fjögur tímapróf verða á önninni, þrjú bestu gilda (10% hvert) Ath. Á kaflaprófum annarinnar verður ekki boðið uppá sjúkrapróf.	30%
Þátttaka	Ástundun, vinnusemi, vinnubrögð, frammistaða, umgengni, frágangur o.fl. Einkunn byggist á vinnubók sem skilað er til kennara.	10%

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 4. febrúar 2016


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils